

Mál nr. 2

Knattspyrnufélagið Haukar gegn Knattspyrnufélaginu Gróttu

Kæra Hauka

Knattspyrnufélagið Haukar kærir hér með Knattspyrnufélagið Gróttu fyrir að hafa teft fram ólöglega skipuðu liði í leik liðanna í meistaraflokki Íslandsmótsins í knattspyrnu, 3. deild, B-riðli, sem fram fór á heimavelli Gróttu á Seltjarnarnesi að kvöldi föstudagsins 28. júlí 2000. Þess er krafist að Knattspyrnufélagið Gróttu teljist hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3, sbr. gr. 4.4 um ólöglega skipað lið í reglugerð KSÍ fyrir knattspyrnumót sem samþykkt var á ársþingi KSÍ 1993 með breytingum 1994–2000. Krafan er á því reist að leikmaður Gróttu, Kristinn Pétursson, var með úrskurði aganefndar 25. júlí 2000 dæmdur í eins leiks leikbann, en lék nefndan leik. Úrskurðurinn og þar með leikbannið tók gildi kl. 12:00 á hádegi leikdagsins, föstudaginn 28. júlí 2000, sbr. gr. 4.2 í starfsreglum aganefndar KSÍ sem samþykktar voru á ársþingi KSÍ 1996 með breytingum 1999. Skv. gr. 4.4 um ólöglega skipað lið í framangreindri reglugerð KSÍ fyrir knattspyrnumót varðar þessi háttsemi þeim viðurlögum að leikurinn telst tapaður eins og krafist er.

Hafnarfirði, 1. ágúst 2000.

Fyrir hönd Knattspyrnufélagsins Hauka.

Lögmenn Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði.

Hlökkver Kjartansson hdl.

Fylgiskjöl:

Úrskurður aganefndar KSÍ 25. júlí 2000.

Leikskýrsla varðandi hinn kærða leik.

Greinargerð Gróttu

Þann 14. júlí hlaut Kristinn Pétursson sitt fjórða gula spjald í leik gegn Reyni Sandgerði. Næsti leikur Gróttu var gegn KFS tíu dögum seinna og töldum við undirritaðir, ásamt fyrrgreindum leikmanni, að hann tæki út leikbann í þeim leik. Fyrir vikið lék Kristinn ekki með Gróttu gegn KFS þann 24. júlí. Föstudaginn 28. júlí áttum við svo leik gegn Haukum sem vannst 2-1 og spilaði umræddur leikmaður allan leikinn því við höldum að hann hefði þegar tekið út leikbann sitt. Eftir leik fréttum við að Haukar hygðust kæra leikinn vegna ólöglegs leikmanns hjá okkur. Þegar við grennsluðumst fyrir um málið hjá KSÍ var okkur sagt að leikbann Kristins hefði ekki tekið gildi fyrr en á hádegi föstudaginn 28. júlí. Okkur var einnig sagt að tilkynning þess efnis hefði verið send til Gróttu. Okkur barst sú tilkynning aldrei í hendur því svo illa vildi til að framkvæmdastjóri Gróttu Jónas Fjeldsted, hafði um þetta leyti sagt upp störfum hjá félaginu þannig að enginn var til að taka á móti tilkynningunni. Við heyrðum af uppsögn Jónasar þegar við fórum að grennslast fyrir um skeytið. Við hörmum þessi mistök og komum til með að una niðurstöðu KSÍ. Það er von okkar að aganefnd taki vægt á okkar málum og sekti okkur ekki því aldrei stóð til að tefla fram ólöglegum leikmanni. Kristinn hefði aldrei tekið þátt í leiknum gegn Haukum hefðum við vitað um leikbannið. Þegar við fórum af stað með meistaraflokk í knattspyrnu hjá Gróttu í vor, hafði enginn meistaraflokkur verið þar í tvö sumur. Aðalstjórn Gróttu leyfði okkur því að gera út meistaraflokk gegn því að við myndum annast reksturinn sjálfir. Það höfum við því gert í sumar en í staðinn hefur Gróttu leyft okkur að spila undir merkjum félagsins ásamt því að nota alla nauðsynlega aðstöðu. Það er því ljóst að sekt myndi koma sér mjög illa fyrir okkur og við yrðum að greiða hana úr eigin vasa.

Með von um farsæla lausn,
virðingarfyllst,
Höskuldur Þór Þórhallsson, þjálfari,
Arnaldur Skúli Baldursson, aðstoðarþjálfari.

Úrskurður Knattspyrnudómstóls Reykjaness

Ár 2000, fimmtudaginn 10. ágúst kl. 12.10 kom knattspyrnudómstóll Reykjaness saman í fundarsal KSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal. Tekið var fyrir málið nr. 1/2000: Haukar, knattspyrnufélag gegn Gróttu, knattspyrnufélagi. Fyrir dómnum lágu þessi dómskjöl: 1. Kæra knattspyrnufélagsins Hauka, dags. 1. ágúst 2000. 2. Greinargerð knattspyrnudeildar Gróttu, dags. 4. ágúst 2000. Mættur/ir af hálfu kæranda: Hlöðver Kjartansson hdl. og Jón Vigfússon formaður knattspyrnudeildar. Mættur/ir af hálfu kærða: Bragi Guðmundsson leikmaður og Höskuldur Þórhallsson þjálfari.

Kæruefni

Knattspyrnufélagið Haukar kæra knattspyrnufélagið Gróttu fyrir að hafa teflt fram ólöglega skipuðu liði í leik liðanna í meistaraflokki Íslandsmótsins í knattspyrnu, 3. deild karla, B-riðli, sem fram fór á heimavelli Gróttu á Seltjarnarnesi, föstudaginn 28. ágúst 2000. Kært er með vísun til 4.4 gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og þess krafist að knattspyrnufélagið Gróttu teljist hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3. Kærði viðurkennir brotið í greinargerð sinni. Jafnframt lýsir kærði því yfir að hér hafi verið um mistök að ræða. Töldu umræddan leikmann hafa tekið út leikbannið í leik Gróttu gegn KFS 24. júlí s.l. Kærði kveðst harma þessi mistök og lýsir því yfir að aldrei hafi staðið til að tefla fram ólöglegum leikmanni og óskar eftir að liðið verði ekki sektað.

Niðurstöður

Þar sem kærði hefur hér fyrir dómi og með greinargerð sinni, dskj. 2. viðurkennt framangreint brot, dæmist hér með að úrslit í ofangreindum leik liðanna sem fram fór á heimavelli Gróttu á Seltjarnarnesi 28. júlí 2000, skulu vera 0-3, skv. 4. kafla, 4.4 gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Jafnframt skal kærði greiða kr. 24.000,- í sekt til KSÍ, skv. 4. kafla, 4.5 gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Dómsorð:

Úrslit í leik Knattspyrnufélagsins Gróttu og Knattspyrnufélagsins Hauka í meistaraflokki Íslandsmótsins, 3. deild karla, B-riðli, í knattspyrnu, sem fram fór á heimavelli Gróttu á Seltjarnarnesi, föstudaginn 28. ágúst 2000 skulu vera 0-3. Knattspyrnufélagið Gróttu skal greiða kr. 24.000 í sekt til KSÍ.

Halldór Frímansson
Ásbjörn Jónsson
Gunnlaugur Magnússon